



783. fundur

Árið 2022, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 16. nóvember, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Friðjón Einarsson, Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð hans.

Friðjón Einarsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- Tilnefning í stjórn Náttúrustofu Suðvesturlands- frestað frá síðasta fundi.*
Stjórn S.S.S. tilnefnir Guðrúnu K. Ragnarsdóttur sem aðalmann í stjórn og Björn G. Sæbjörnsson til vara.
- Fundargerð frá fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna, dags. 12.10.2022.*
Lagt fram. Framkvæmastjóra falið að senda kynningu vegna Sóknaráætlunar Suðurnesja með fundargögnunum.
- Stöðuskýrsla vegna flugvallar í Hvassahrauni dags. 1.11.2022.*
Stöðuskýrslan lögð fram en gert er ráð fyrir því að niðurstaðan liggi fyrir á vormánuðum 2023.
Stjórn S.S.S. endurtilnefnir Kolbrúnu Jónu Pétursdóttur sem sinn fulltrúa í starfshópinn.
- Tölvupóstur frá Nefndarviði Alþingis, beiðni um umsögn til þingsályktunar um breytingar á raforkulögum til að tryggja raforkuöryggi almennings og forgangsroðun raforkuframleiðslu til orkuskipta, mál. nr. 89.*
<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0089.pdf>
Lagt fram.



5. *Tillögur að breytingum á samþykktum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og stjórn Heklunnar.*

Stjórn S.S.S. ræddi fram komnar tillögur að breytingum á starfsemi S.S.S. og Heklunnar.

Lagt er til að leggja niður Fjárhagsnefnd S.S.S. þar sem stjórnir sameiginlegra stofnanna sveitarfélaganna eru með sjálfstætt ákvörðunarvald og ábyrgð. Framkvæmdastjóra falið að vinna að breytingum á samþykktum S.S.S. þessa efnis og verða þær lagðar fram á næsta aðalfundi S.S.S.

Stjórn S.S.S. ræddi einnig hvort gera ætti breytingar á stjórn Heklunnar og þá hvort stjórn S.S.S. taki við verkefnum hennar, þar sem Heklan er rekin á kennitölu Sambandsins og stjórn S.S.S. því ábyrg fyrir samningum og rekstri hennar. Stjórn S.S.S. leggur til að þetta mál verði rætt á Vetrarfundi S.S.S. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna verkefnið áfram, jafnframt er óskað eftir því að formaður Heklunnar komi á næsta fund stjórnar.

6. *Önnur mál.*

Samningur um samstarf milli Íslandsstofu og landshlutasamtakanna um samstarf vegna fjárfestingarverkefna.

Stjórn S.S.S. fagnar samningnum og samþykkir hann fyrir sitt leiti.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita hann fyrir hönd stjórnar.

Stjórn S.S.S. ræddi lokunina á Reykjanesbraut og samskiptin við Vegagerðina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25.

Friðjón Einarsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Sverrir Auðunsson

Berglind Kristinsdóttir